



Fréttabréf Prentsöguseturs

1. tölublað – 2. árgangur – Apríl 2021

Framkvæmdir hafnar í Skálholti

Framkvæmdir eru nú hafnar af krafti í Gestahúsinu í Skálholti, þar sem sögusýning Prentsöguseturs verður sett upp á hausti komanda. Nokkur tregða hafði verið í að hefja framkvæmdir, þar sem Kirkjuráð taldi sig ekki hafa efni á þeirri fjárfreku aðgerð sem þurfti til að gera kjallara hússins hæfan til sýningarhalds. Prentsögusetur hafði skuldbundið sig til að gera sýningarhæf þau þrjú rými í kjallaranum sem hýsa skyldu sýninguna. Það var síðan rausnarlegur styrkur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til Prentsöguseturs sem skar á þennan hnút; styrkur sem verja skyldi til standsetningar þeirra þriggja rýma húsnæðisins, sem hýsa skyldu sýningu félagsins. Styrkurinn sá fer langt í að vera helmingur þess fjármagns sem þarf til að klára frágang kjallarans. Þegar þessi styrkur lá fyrir samþykkti

Kirkjuráð að ganga til þessa samstarfs og leggja fram það fjármagn sem þarf til að ganga endanlega frá húsnæðinu.

Skipulag sýningarhúsnæðisins verður þannig, að þar verða í raun tvær sýning-

ar. Annars vegar sýning Prentsöguseturs á þróun bókagerðar á Íslandi frá því að Jón biskup Arason flutti til landsins fyrstu prentsmiðjuna, um það bil árið 1535 (ártalið er ekki alveg á hreinu) þar til Ísafoldarprentsmiðja var stofnuð árið 1877. Einnig verður þarna fjallað um prentsmiðjuna J. D. Quist í Kaupmannahöfn, sem dæmi um prentsmiðju sem prentaði fyrir Íslendinga þar í borg. Í gegnum þá prentsmiðju koma t.d. tengsl

Framhald á næstu síðu



Líður að aðalfundi Prentsöguseturs

Boðað er til aðalfundar Prentssöguseturs miðvikudaginn 21. apríl nk., síðasta vetrardag, kl. 16:00. Fundurinn verður haldinn í Húsi félaganna, Stórhöfða 31 Reykjavík, 3. hæð.

Fundurinn er boðaður með þeim fyrirvara að ástandið í þjóðfélaginu leyfi slík fundahöld. Verði breyting þar á verður það tilkynnt með bréfi til félagsmanna,

Dagskrá verður samkvæmt lögum félagsins.

Rétt er að minna á ákvæði 8. greinar félagslaganna, þar sem segir:

„Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist til stjórnar eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Þær öðlast gildi ef þær eru samþykktar með 2/3 greiddra atkvæða ...“.

Við hvetjum félagi til að koma á framfæri tillögum um breytingar á lögum félagsins telji þeir þörf á því.

Einnig er rétt að minna á að kjör fimm aðalmanna og tveggja varamanna

í stjórn félagsins fer fram á fundinum, sem og kosning fimm einstaklinga í framkvæmdanefnd Gömlu prentsmiðjunnar.

Samkvæmt 8. grein laga skal halda aðalfund fyrir 1. apríl ár hvert. Vegna aðstæðna í samfélaginu var ákveðið að fresta fundinum þar til ástandið lagaðist.

Á síðasta ári var aðalfundinum tvífrestað til 4. júní, en nú lítur út fyrir að ástandið sé og verði betra.

við Fjölnismenn. Þróuninni eru gerð skil í þremur rýmum, þar sem setningin hefur sinn sal, prentuninn sinn og í síðasta rýminu er rakin þróun bókbandsins. Úr bókbandinu er gengið inn í mikla sýningu á gömlu prentverki, bókum, úr þeim prentsmiðjum sem sagt er frá. Um er að ræða bókasafn Þorsteins Þorsteinssonar sýslumanns Dalamanna. Hann var mikilvirkur bókasafnari og safn hans er nú í eigu Skálholtsstaðar, en hefur verið geymt við bágar aðstæður í turni dómkirkjunnar.

Í bókbandsstofunni verður meðal annars gerð grein fyrir bókbandinu að Innra-Hólmi.

Fullyrt er að í bókasafninu séu bækur frá öllum þeim prentsmiðjum sem gerð verður grein fyrir, nema einni. Þannig að eftir að gestir hafa kynnt sér söguna, vinnubrögðin og aðstæðurnar við framleiðslu bókanna fyrr á öldum, geta þeir farið inn á bókasafnið og kynnt sér sýnishorn af þessum bókum.

Fjölbreytt sýning í vændum

Ljóst er að mikil vinna er eftir í kjallaranum, áður en hann verður sýningarhæfur. Verið er að skipta um og bæta leiðslur og lagnir í veggjum og gólfi og einangra vegg. Þessari vinnu ætti að ljúka í sumar. Þá tekur við frágangur þeirra þriggja rýma sem Prentsögusetur verður með og bókasafnsins.

Fyrst verður gengið inn í sal sem í fjallar um setningu, umbrot og staka þætti úr sögunni. Þar verður sérstakur „bás“ fyrir muni frá Hólum, sem fundust þegar grafið var upp þar á staðnum fyrir nokkrum árum, þ. á m. lausalegur. Í miðrýminu er prentuninni gerð skil og loks er bókbandi gerð skil í þriðja rýminu og gengið þaðan inn í bókasafnið.

Sýningarhönnuður með sögu

Björn G. Björnsson, hönnuður sýningarinnar, er maður með reynslu. Hokinn af reynslu kunna einhverjir að segja, enda hefur hann sett upp fjölmargar sýningar á undanförunum áratugum, auk þess að vera leikmyndasmíður með glæsta ferilsskrá, bæði fyrir kvikmyndir og leikhús.



Myndir úr vettvangsskoðun, eftirlitsferð, formanns og gjaldkera Prentsöguseturs í Skálholt fyrir nokkru. Það er Tryggvi Þór Agnarsson gjaldkeri sem hér virðir fyrir sér aðstæður. Þeir félagar voru reyndar báðir hýsna ánægðir með það sem þeir sáu og heyrðu í þessari ferð.

Fremur dauða en setningu

Um prentsveina Guðbrands er ekki vitað að öðru leyti en því að hann notaði skólapilta við setjarastörf. Þannig er þess getið að Vigfús Jónsson „prinna“ á Siglunesi hafi verið í Hólaskóla og „skipaður í prenthús“. Hann hengdi sig 1586 í Hólakirkju, hjá altarinu þar sem biskup gerði kvöldbæn sína og messu. Það var Guðbrandur sem fann Vigfús og er auðséð að frásagnir af atburðinum eiga að skiljast svo, að hann hafi hengt sig vegna skikkunar til starfa í prenthúsinu.

MOLAR

úr sögu
prentunar
á Íslandi

Smáar bækur í gamla daga eða gamalt smáprent

Úr viðtali við bókasafnarann Gunnar Hall (1909–1970) í Alþýðuhelginni 1. árg. 27. tbl. 1949 bls. 276: „Og nú skal ég sýna yður Skálholtsbók, sem ég geymi vandlega, svo að hún ekki týnist.“ Gunnar fer nú niður í skrifborðsskúffu sína og dregur þaðan upp – ekki eldsþýtustokk, eins og mér sýndist í fyrstu – heldur örlítið kver. Minna brot á bók hef ég aldrei séð. Þetta er „Eitt ljíted Bæna Kuer Hafande inne ad hallda nockrar stuttar godar Bæner aa Kuöllid og Morgna og aa sierhuörum deige Vikunnar. Er það prentað í Skálholti 1687, þýtt af Þórði biskupi Þorlákssyni. Að gamni mínu lagði ég á það málband. Það reyn-dist 7,5 cm. á hæð og 4,5 cm. á breidd. Þetta getur maður í sannleika kallað kver!

Metin eru mörg

Stöðugt er unnið að því að auka hraða verkefna gegnum prentferlið og auka afköstin. Það er engin nýlunda því lesa mátti eftirfarandi frétt í Ísafold árið 1870:

Þetta blað Ísafoldar er hið fyrsta sem prentað er í hraðpressu hér á landi. Hraðpres-san er keypt í Lundúnum. Lærði yfirprentari Ísafoldarprentsmiðju, Sigmundur Guðmundsson, þar jafnframt fyrstur Íslendinga, öll handtök að hraðprentun og annaðist kaupin. Hefur honum farið þetta vel úr hendi með greind og lagi.

Hraðpressa þessi er lítil að vísu, á við það sem slíkar vélar gerast í öðrum löndum en nógu stór til vorra þarfa. Hún prentar fimmfalt fljótara en hraðvirkustu prentara prenta í beztu handpressum með eins manns aðstoð eða tveggja smásveina; en við handpressu veitir eigi af tveim fullefdum karlmönnum.

Ekki eru nefndar arkir á klukkutíma eða anað sem hafa má til viðmiðunar en þetta hefur greinilega verið mikil framför á þessum tíma.


Þóra Elfa Björnsson

Til sölu til stuðnings Prentsögusetri



Frá Hólum til Reykjavíkur

Prentsögusetur hefur til sölu rit um 300 fyrstu árin í prentsögu Íslendinga, *Frá Hólum til Reykjavíkur*. Þar er fjallað um prentverkið á Íslandi frá því að Jón biskup Arason kom hingað til lands með prentsmiðju og prentara í kringum árið 1535 (nákvæmt ártal óvíst), þar til prentsmiðjan var flutt frá Viðey yfir til Reykjavíkur; hverjir unnu við prentverkið á hverjum stað, hvaða helstu bækur voru prentaðar. (Í einu tilfellinu var reyndar engin bók prentuð.) Hvernig voru tækin, í hvaða ástandi á hverjum tíma, hvert var leturvalið og húsnæðið. Hér koma við sögu nokkrir biskupar á Hólum og í Skálholti og ekkja að Hlíðarenda í Fljótshlíð. Að ógleymdum ungum námsmanni úr Ísafjarðardjúpi og framsæknum mönnum í Breiðafjarðareyjum og Dölunum, kvensömum prentara og nemanda sem kaus að hengja sig fremur en að vinna í prentverkinu. Verð kr. 3.500.



Upphaf miðlunar

Prentsögusetur hefur einnig til sölu ritið *Upphaf miðlunar*. Þar er fjallað um miðlun frá hellamálverkum til þess tíma er gullsmiðurinn Johannes Genfleisch zum Gutenberg í Mainz kom í verk gamalli hugmynd sem Marcus Tullius Cicero setti fram í kringum árið 950. Það var árið 1440. Sagt er frá þróun letrunar og leturs, papírus, pergament og loks þróunarsögu pappírs. Í lokin er sagt frá athyglisverðum tækjum sem fundin voru upp og smíðuð til að flýta setningu lesmáls, frá 1796 til 1967, þegar tölvusetningin var að líta dagsins ljós. Verð kr. 3.500.


Bækurnar er
hægt að panta beint
frá höfundi.

Netfang:
haukur1@haukurmar.net

Sími:
897-1068



Mælingarferð í Skálholtskjallarann



Eftir að hafa mælt út húsnæðið í kjallaranum í Skálholti lagði Björn fram þessa tillögu að skipulagi sýningarinnar í rýmnum þremur. Þarna sést hvernig einstökum stöðum verða gerð skil; byrjað á Hólum og endað á J. D. Quist. Einnig er munur frá uppreftri að Hólum gerð skil á sérstöku svæði.

Minjagripir til stuðnings Prentsögusetri



Í Gömlu prentsmiðjunni við Laugavegin eru þessir fallegu nytjagripir til sölu, minjagripir til ágóða fyrir Prentsögusetur. Hér er um að ræða kaffifanta sem merktir eru bæði Prentsögusetri og Gömlu prentsmiðjunni. Þessir fantar kosta 4000 kr. Einnig eru til sölu bókamerki á 500 krónur.

Farin var ferð í febrúar austur í Skálholt til að mæla út rýmin þrjú í kjallara Gestastofu. Björn kom sér upp vinnuádstöðu og mældi og skráði fjarlægðir milli veggja og horna og lofthæð.

Þetta var á sprengjudag og sr. Kristján Björnson vígslubiskup staðarin bauð okkur í ljúfengan hádegismat í tilefni dagsins. Eftir það settumst við niður með honum og Herdísi Friðriksdóttur, framkvæmdastjóra Skálholts, og ræddum framgang þeirra framkvæmda sem framundan eru. Töluverð vinna er eftir í sambandi við lýsingu og rakastillingu vegna sýningarinnar og bókasafnsins. Þar þarf að líta í mörg horn og taka tillit til ýmissa þátta.



Spjallað að loknum mælingum, saltkjöti og baunum; sr. Kristján, Herdís og Björn.

Það er sérlega ánægjulegt að framkvæmdir í Gestastofu skuli vera hafnar. Með því er að hefjast áfangi sem við höfum beðið eftir. Þessi sýning er auðvitað langt frá því að vera safnið mikla sem okkur hefur dreymt um og verður að veruleika einn góðan veðurdag. En hún kemur Prentsögusetri á kortið og gerir okkur vonandi auðveldara að koma safninu á stofn.